

Fréttatilkynning

Efni: Könnun MMR á trausti almennings til dómskerfisins og ráðuneytis dómsmála
Úrtak: Íslendingar á aldrinum 18-67 ára
Dagsetning: 22. október 2009


Dómstólarnir njóta meira trausts en aðrar stoðir hins þrískipta ríkisvalds. -þó einungis þriðjungur sem segist treysta dómskerfinu í heild

Tæpur helmingur svarenda (46,6%) segjast bera mikið traust til Hæstaréttar, 42,3% segjast bera mikið traust til dómsmálaráðuneytisins og 40,3% segjast bera mikið traust til héraðsdómstólanna. Á móti segist tæpur fjórðungur svarenda bera lítið traust til þessara stofnana. Þegar spurt var um dómskerfið í heild voru 36,5% sem kváðust bera mikið traust til þess sem er nánast sami fjöldi og segist bera lítið traust til dómskerfisins, eða 34%.

Dómsvaldið mælist þannig njóta mikils trausts meðal töluvert fleiri en aðrar stoðir hins þrískipta ríkisvalds sem mældar voru í samskonar könnun MMR í september síðastliðnum. Þar reyndist ríkisstjórnin (framkvæmdavaldið) njóta mikils trausts meðal 21,9% svarenda og Alþingi (lögjafavaldið) naut mikils trausts meðal 18% svarenda. Á móti voru 54,8% sögðust bera lítið traust til ríkisstjórnarinnar og 52,4% sem sögðust bera lítið traust til Alþingis.

Hversu mikið eða lítið traust berð þú til eftirfarandi aðila?

-þeir sem sögðu „frekar/mjög lítið“ eða „frekar/mjög mikið“ -



Spurt var: Hve mikið eða lítið traust berð þú til eftirfarandi aðila.

Svarmöguleikar voru: Mjög lítið traust, frekar lítið traust, hvorki mikið né lítið traust, frekar mikið traust, mjög mikið traust og veit ekki.

Niðurstöður sýna fjölda þeirra sem svöruðu annað hvort mjög/frekar mikið eða lítið traust.

Samtals tóku 97,1% afstöðu til spurningarinnar.

*Gögn fyrir ríkisstjórnina og Alþingi eru frá í september 2009 (til samanburðar).

Upplýsingar um framkvæmd:

Úrtak: Einstaklingar á aldrinum 18-67 ára valdir handahófskennt úr hópi álitsgjafa MMR*

Könnunaraðferð: Síma- og netkönnun*

Svarfjöldi: 968 einstaklingar

Dagsetning framkvæmdar: 13.-16. október 2009

Nánari upplýsingar veitir: Ólafur Þór Gylfason (olafur@mmr.is).

Notkun heimil svo lengi sem heimilda (vörumerkis MMR) er getið.

Allur réttur áskilinn: 2006 © Markaðs- og miðlarannsóknir ehf.

MMR starfar samkvæmt siðareglum ESOMAR, alþjóðasamtökum markaðsrannsóknafyrirtækja.

* Hópur álitsgjafa MMR telur liðlega 12.000 einstaklinga sem valdir hafa verið með tilviljunarúrtaki úr þjóðskrá og fengnir til þátttöku í netkönnunum með símakönnun. Viðurkenndum aðferðum er beitt svo svörun endurspegli lýðfræðilega samsetningu þjóðskrár. Hópurinn er endurnýjaður vikulega allt árið um kring til að bæta fyrir brottfall og tryggja eðlilega endurnýjun.